


**Klapparstígur 31 - (fsp) Uppsetningu á grindverki og hliði - USK24060222**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. ágúst 2024 var lögð fram fyrirspurn Mjúk Iceland ehf., dags. 16. júní 2024, um að setja grindverk og hlið á milli húsanna á lóðum nr. 29 og 31 við Klapparstíg.

**Skipulag í gildi**

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Klapparstíg 31 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðsvæði M1a.

Deiliskipulag: Í gildi deiliskipulag, samþykkt 25. mars 2003, með síðari breytingum.

**Umsögn**

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að setja upp girðingu og hlið til þess að girða af port á milli Klapparstígs 31 og Klapparstígs 29. Í þeim tilgangi að tryggja öryggi fólks, koma í veg fyrir skemmdarverk og sóðaskap auk þess að gera falleg útilistaverk og blóm.

Í deiliskipulagi er kvæð um aðkomu slökkviliðs á milli húsanna að Klapparstíg 31 og Klapparstíg 29. Vegna þess er ekki mælt með því að heimila uppsetningu hliðs við lóðarmörk Klapparstígs 31 í þeim tilgangi að girða portið af.

**Niðurstaða**

- neikvætt er tekið í erindið, samræmist ekki deiliskipulagi

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,  
Birgitta Rut Skúlád. Hjörvar, verkefnastjóri

*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*